

Alþingi
Erindi nr. P 141/1886
komudagur 7.3.2013

Nefndasvið Alþingis
Alþingi - Atvinnuveganefnd

Reykjavík, 07. mars 2013
UST20130200218

Efni: Umsögn – endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi – 605. mál

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem atvinnuveganefnd Alþingis óskar eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (aukin hlutdeild, EES-reglur), 605. mál.

Umhverfisstofnun fagnar því að fram sé komið frumvarp um lágmarkshlutfall endurnýjanlegs eldsneytis af seldu eldsneytis til samgangna á landi. Stofnunin telur kröfur 3. gr. frumvarpsins um 3,5% lágmarkshlutfall, sem hækkar í 5,0% árið 2016, jákvætt skref í þá átt að standa við skuldbindingu EES-samningsins um 10% hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis af heildarorkunotkun í samgöngum árið 2020.

Umhverfisstofnun gerir hins vegar athugasemdir við þann þátt frumvarpsins er lýtur að viðmiðunum um sjálfbæra framleiðslu eldsneytis. Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að framleiðsla endurnýjanlegs eldsneytis sem notað er til að uppfylla skilyrði 3. gr. um lágmarkshlutfall uppfylli viðmiðanir um sjálfbæra framleiðslu sé það ætlað til notkunar í samgöngum á landi. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra (umhverfis- og auðlindaráðherra) verði falið að kveða á um slíkar viðmiðanir í reglugerð, sbr. 2. mgr. 4. gr. Fram kemur í athugasemdum við 4. gr. að um sé að ræða innleiðingu á 17.-19. gr. tilskipunar 2009/28/EB, sem fjalla um sjálfbæra framleiðslu lífeldsneytis, sbr. einnig 8. tl. 2. gr. frumvarpsins. Umhverfisstofnun bendir á að með framangreindum ákvæðum frumvarpsins yrðu ákvæði tilskipunar 2009/28/EB um sjálfbærni viðmiðanir vegna lífeldsneytis eingöngu innleidd *af hluta*, en gildissvið ákvæða tilskipunarinnar er mun víðtækara en gildissvið frumvarpsins. Sjálfbærni viðmiðanirnar hafa m.a. áhrif á opinberan fjárstuðning vegna notkunar lífeldsneytis, sbr. lög nr. 39/1988 um bifreiðagjald og lög nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., auk þess sem þær tengjast annarri löggjöf sem varðar notkun lífeldsneytis, s.s. lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. og lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál. Einnig má nefna að sömu sjálfbærni viðmiðanir koma fram í tilskipun 2009/30/EB um gæði eldsneytis, sem fyrirhugað er að taka upp í EES-samninginn og innleiða í kjölfarið hér á landi. Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af þessu að æskilegt væri að innleiða sjálfbærni viðmiðanir tilskipunar 2009/28/EB með almennari hætti en gert er í frumvarpinu, s.s. með sérstökum lögum sem önnur löggjöf gæti vísað í. Með því yrði stuðlað að samræmi og einföldun við beitingu sjálfbærni viðmiðana og komið í veg fyrir að þær þurfi að skilgreina á fleiri en einum stað í löggjöfinni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ákvæði frumvarpsins um upplýsingagjöf vegna sjálfbærni viðmiðana kunna að vera of óskýr í ljósi sjónarmiða um skýrleika íþyngjandi lagaákvæða. Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að innlendir framleiðendur og söluaðilar endurnýjanlegs eldsneytis sýni Orkustofnun fram á að framleiðsla eldsneytisins uppfylli sjálfbærni viðmiðanir, annaðhvort með upprunavottorði frá viðurkenndum útgefanda eða með öðrum hætti. Ráðherra er veitt heimild til að setja nánari skilyrði sem gögn þessi þurfa að uppfylla. Umhverfisstofnun telur að rétt hefði verið að útfæra ákvæði um þessa

upplýsingagjöf nánar í ljósi krafna tilskipunar 2009/28/EB og ber þar m.a. að nefna að í 3. mgr. 18. gr. tilskipunarinnar er gerð krafa um að gögn séu vottuð af óháðum aðila. Mikilvægt er að formkröfur í tengslum við sjálfbærni viðmiðanir séu rétt innleiddar og framkvæmdar enda er það forsenda þess að lífoldsneyti sem notað er hér á landi teljist með við uppgjör á skuldbindingu Íslands um 10% hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum árið 2020.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
sérfræðingur